

Stígur frá Hrafnagilshverfi til Akureyrar

Lýsing á skipulagsverkefninu



Verk nr. 1101011

1. nóvember 2012



Lýsing á aðal- og deiliskipulagsverkefni

1 Forsendur

Lýsing þessi er gerð í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010.

Lýsingin miðast við breytingu á aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar þar sem gönguleið, GL - 1, og reiðleið, HL – 1, er breytt. Núverandi skipulag kemur fram í gr. 2.5.2 í „Greinargerð I, stefnumótun og landnotkun í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025.“ og á eftirfarandi uppdráttum: Reið- og gönguleiðir, sveitarfélagsuppdráttur – landnotkun og þéttbýlið Reykár- og Ölduhverfi auk Kristness.

Forsenda breytingarinnar er að færa stígana saman, færa þá nær þjóðvegi og minnka langhalla á þeim.

2 Markmið

Hugmyndin að breytingu gengur út á að sem minnstur hæðarmunur verði á stígnum þannig að auvelt sé að fara um hann. Þá verði stígurinn þannig gerður að hluti stígsins 2-2,5 m næst þjóðvegi verði malbikaður og ætlaður sem göngu- og hjólréiðastígur, en sá hluti sem fjær sé þjóðvegi um 3 m verði með malaryfirborði og ætlaður sem reiðstígur. Bannað verði að fara með rekstra eftir reiðstíg og taki vegfarendur tillit til hvors annars, hægi á við mætingu og stígi af baki ef ástæða þykir til, hvort sem um er að ræða reiðhjól, eða reiðhest.

Farið verði að kröfum Vegagerðarinnar um öryggismál þannig að fjarlægð stígs frá þjóðvegi verði nægileg eða hafðar hindranir þar sem fjarlægð þykir ekki nægileg.

3 Fornleifar

Engar heimildir eru um fornleifar á því svæði sem fyrirhugað er að stígurinn liggja um.

4 Umhverfismat

Ekki er gert ráð fyrir að gera þurfi umhverfismat vegna áætlunarinnar því yfirleitt mun stígurinn liggja innan helgunarsvæðis Eyjafjarðarbrautar vestri (821) og heildarlengd stígsins verður innan við 8 km.

5 Framsetning

Gert er ráð fyrir að breyting á aðalskipulagi og deiliskipulag verði auglýst samtímis. Tillögurnar skulu settar fram á uppdráttum og í greinargerð.

6 Framkvæmdaleyfi

Sækja þarf um framkvæmdaleyfi til sveitarstjórnar áður en framkvæmdir hefjast skv. samþykktu deiliskipulagi. Í framkvæmdaleyfinu skal nánar kveðið á um framgang verksins, sértæk skilyrði og eftirlit með framkvæmdum sbr. gr. 7.2 í „Greinargerð I, stefnumótun og landnotkun í aðalskipulagi Eyjafjarðarsveitar 2005-2025.“ Framkvæmdaleyfi er gefið út til handa veghaldara. Framsal þess leyfis þarfnast samþykkis sveitarstjórnar.

7 Kynning og samráð

Skipulagslýsingin skal send Skipulagsstofnun, landeigendum, sem stígarnir munu liggja um, Vegagerðinni og Akureyrarbæ til umsagnar og kynnt almenningi með því að leggja hana fram á skrifstofu sveitarfélagsins og kynna hana jafnframt á vef sveitarfélagsins. Kynningin skal auglýst í auglýsingablaði sveitarfélagsins og á vef þess. Á kynningartímanum skal gefinn kostur á að koma með athugasemdir við skipulagslýsinguna.

Áætlað er að kynningin á skipulagslýsingunni fari fram á tímabilinu 15. – 30. nóvember 2012.

Eftir að kynning á skipulagslýsingunni hefur farið fram skal fjallað um tillögu að breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi í skipulagsnefnd og sérstaklega fjallað um þær ábendingar sem fram kunna að koma á kynningartíma skipulagslýsingarinnar.

Búið er að funda með landeigendum á því svæði sem fyrirhugaður stígur liggur á og því er ekki talin þörf á frekara samráð við þá fyrir kynningu á skipulaginu sjálfu nema ábendingar sem koma fram á kynningartíma lýsingarinnar gefi tilefni til þess.

Breyting á aðalskipulagi og tillaga að deiliskipulagi skulu síðan kynnt á almennum íbúafundi, sem fyrirhugaður er 28. nóvember 2012. Kynningin skal auglýst í auglýsingablaði Eyjafjarðarsveitar, á vef sveitarfélagsins og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu. Kynningin skal vera öllum opin og sérstaklega boðið landeigendum, fulltrúum Akureyrarbæjar og Vegagerðar.

Að lokinni kynningu skulu tillögurnar lagðar fyrir skipulagsnefnd- og síðan sveitarstjórn til afgreiðslu.

Að lokinni umfjöllun sveitarstjórnar skulu tillögurnar sendar Skipulagsstofnun til athugunar.

Eftir athugun Skipulagsstofnunar skulu tillögurnar auglýstar og hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillögurnar innan sex vikna frests frá birtingu auglýsingarinnar. Tillögurnar skulu liggja frammi á skrifstofu Eyjafjarðarsveitar og á vef sveitarfélagsins auk þess sem breytingin á aðalskipulagi mun liggja frammi hjá Skipulagsstofnun. Auglýsing um framlagningu tillagnanna verður birt í auglýsingablaði Eyjafjarðarsveitar, á vef sveitarfélagsins og í dagblaði sem gefið er út á landsvísu auk Lögbirtingablaðsins.

Að athugasemdafresti liðnum skal skipulagsnefnd og sveitarstjórn fjalla um tillögurnar á nýjan leik og taka afstöðu til hugsanlegra athugasemda sem borist hafa og tekin afstaða hvort gera skuli breytingar á tillögunum. Ákveði sveitarstjórn að breyta tillögunum verður þeim breytt á nýjan leik, og auglýsingar, athugasemdafrestur endurtekin eins og áður er fjallað um.

Þegar sveitarstjórn hefur samþykkt breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagstillögu skulu tillögurnar sendar Skipulagsstofnun ásamt athugasemdum og umsögn sveitarstjórnar um þær innan 8 vikna frá því að frestur til athugasemda rann út. Jafnframt skal þeim aðilum sem gerðu athugasemdir við tillögurnar send afgreiðsla sveitarstjórnar og umsögn um athugasemdirnar.

Tillagan að breytingu á aðalskipulagi og nýtt deiliskipulag skal að þessu loknu auglýst í auglýsingablaði sveitarfélagsins og á vef þess.

Auglýsing um samþykkt deiliskipulag skal síðan birt í B-deild Stjórnartíðinda.